

## Leyfisskoðun sérútbúinna bifreiða skráðar fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns

- Ef umsækjandi er ekki þegar með almennt rekstrarleyfi, kemur hann til Samgöngustofu og sækir um almennt rekstrarleyfi og skilar inn viðeigandi gögnum. Einnig þarf umsækjandi að sækja um leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða.
- Umsækjandi fer á skoðunarstöð með staðfestingu frá Samgöngustofu um að sótt hafi verið um almennt rekstrarleyfi (eða með leyfi í gildi) og leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, ásamt þeirri bifreið sem á að leyfisskoða.
- Bifreiðin er leyfisskoðuð skv. skoðunarhandbók um leyfisskoðun hópbíla og þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  1. Bifreiðin rúmi ekki fleiri en átta farþega.
  2. Bifreiðin falli undir skilgreiningu á torfærubifreið í reglugerð um gerð og búnað ökutækja (merkt í ökutækjaskrá „Torfærubifreið“ í gerðarlýsingu) eða er gerðarviðurkennd sem torfærubifreið (ökutækjaflokkur M1G, N1G, N2G, N3G).
  3. Hjólbarðastærð bifreiðarinnar skal vera að lágmarki 780 mm.
  4. Bifreiðin skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til breyttra, sérútbúinna bifreiða í skoðunarhandbók ökutækja, s.s. um slökkvitæki og sjúkrakassa.
  5. Bifreiðin skal standast leyfisskoðun árlega, sbr. skoðunarhandbók um leyfisskoðun.
  6. Bifreiðin skal vera merkt rekstraraðila. Merking skal vera sýnileg og auðlesanleg.
- Ef bifreiðin uppfyllir skilyrði skoðunarinnar, er viðeigandi leyfisskoðunarmiði („**Leyfisskoðun sérútbúin bifreið**“) límdur í framrúðu bifreiðarinnar.
- Skoðunin er skráð í ökutækjaskrá sem leyfisskoðun.
- Umsækjandi skráir ökutækið undir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða með því að senda tilkynningu á [leyfisv@samgongustofa.is](mailto:leyfisv@samgongustofa.is).

